

Landsvirkjun
Árni Gunnarsson
Háaleitisbraut 68
103 REYKJAVÍK

2003040045
6607; 9310

Reykjavík, 18. júlí 2003
/--

Efni: Bjarnarflagsvirkjun allt að 90 MW og 132 kV Bjarnarflagslína 1 í Skútustaðahreppi. Ákvörðun um tillögu að matsáætlun

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum er hér kynnt niðurstaða Skipulagsstofnunar um tillögu Landsvirkjunar að matsáætlun um Bjarnarflagsvirkjun allt að 90 MW og 132 kV Bjarnarflagslínu 1 í Skútustaðahreppi.

Skipulagsstofnun barst með bréfi Landsvirkjunar dags. 20. maí 2003 tillaga fyrirtækisins að matsáætlun:

Landsvirkjun. Bjarnarflagsvirkjun allt að 90 MW og 132 kV Bjarnarflagslína 1 í Skútustaðahreppi. Mat á umhverfisáhrifum. Tillaga að matsáætlun. Hönnun hf., maí 2003.

Skipulagsstofnun leitaði umsagnar um tillögu framkvæmdaraðila hjá eftirtöldum aðilum í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum: Skútustaðahrepp, Ferðamálaráði Íslands, Fornleifavernd ríkisins, Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra, iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti, Orkustofnun, Umhverfisstofnun og veiðimálastjóra.

Skipulagsstofnun kynnti tillöguna einnig með fréttatilkynningu og á heimasíðu stofnunarinnar.

Skipulagsstofnun bárust umsagnir og athugasemdir frá eftirtöldum aðilum: Skútustaðahrepp með bréfi dags. 12. júní 2003, Ferðamálaráði Íslands með bréfi dags. 5. júní 2003, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 14. júlí 2003, Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra með bréfi dags. 3. júní 2003, iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti með bréfi dags. 12. júní 2003, Orkustofnun með bréfi dags. 10. júní 2003, Umhverfisstofnun með bréfi dags. 10. júní 2003 og veiðimálastjóra með bréfi dags. 18. júní 2003.

Skipulagsstofnun bárust einnig frekari upplýsingar frá framkvæmdaraðila í kjölfar umsagna

með bréfum dags. 13. júní 2003 og 11. og 14. júlí 2003.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir framlagða tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun ásamt þeim umsögnum og athugasemdum sem borist hafa stofnuninni. Skipulagsstofnun fellst á tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun með þeim viðbótum sem koma fram í svörum framkvæmdaraðila með eftirfarandi athugasemdum:

Fornleifar

Í tillögu að matsáætlun, kafla 6.2.2.6 er fjallað um fornleifar. Fram kemur að athugað verði hvort þörf sé á frekari könnun fornleifa í tengslum við kosti B og C. Í umsögn Fornleifaverndar ríkisins kemur fram að frekari skráning fornleifa sé óþörf, en hins vegar sé nauðsynlegt að metin verði áhrif framkvæmdarinnar á fornleifar á svæðinu. Skipulagsstofnun tekur undir umsögn Fornleifaverndar ríkisins og telur nauðsynlegt að fornleifafraeðingur verði fenginn til að meta áhrif framkvæmda á fornleifar. Í matsskýrslu verði birtur listi yfir fornleifar sem teljist í hættu, þeim lýst, og settar fram mótvægisáðgerðir ef þörf er talin á.

Sjónræn áhrif

Í tillögu að matsáætlun, kafla 6.2.2.8 er fjallað um sjónræn áhrif. Þar segir að gerður verði samanburður á sjónrænum áhrifum mannvirkja miðað við mismunandi staðsetningarkosti virkjunar. Í úrskurðarorðum skipulagsstjóra ríkisins þann 7. júní 2000 kemur einnig fram, auk þess sem fyrr er getið, að greining og samanburður á sjónrænum áhrifum borhola norðan og sunnan Þjóðveggar frá helstu stöðum með sýn inn á svæðið s.s áningarstað í Námaskarði, Reykjahlíð, Vogum og Hverfjalli, skuli einnig koma fram í frekara mati. Skipulagsstofnun telur að tilhögun mats á sjónrænum áhrifum þurfi að vera með þessum hætti.

Þóroddur F. Þóroddsson

Óli Halldórsson

Afrit :

Skútustaðahreppur, Ferðamálaráð Íslands, Fornleifavernd ríkisins, Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra, iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti, Orkustofnun, Umhverfisstofnun og veiðimálastjóri.

